



Samþykkt um frístundastyrki í Kjósarhreppi

1. gr.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps ákvarðar árlega greiðslu frístundastyrkja og upphæð þeirra. Skal fjárveitingin koma fram árlega í fjárhagsáætlun sveitarsjóðs.

Styrkir eru greiddir út tvisvar á ári samkvæmt samþykkt þessari.

2. gr. Markmið, tilgangur og skilyrði.

Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og unglingar á aldrinum 3-18 ára í Kjósarhreppi geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag og félagslegum aðstæðum.

Frístundastyrkur er framlag Kjósarhrepps til greiðslu kostnaðar styrkþega vegna náms utan hefðbundins skólanáms, þátttöku í hverskonar barna- og unglíngastarfi á vegum viðurkennda félagasamtaka og tómstundastarfs. (Dans, tónlistarnám, íþróttaiðkun, leiklist, myndlist og fl.)

Styrkurinn getur aldrei numið hærri upphæð en þeirri sem kemur fram á framlögðum greiðslukvittunum.

3.gr. Styrkuppahæð:

Styrkur kr. 65.000 fyrir allt skólaárið, fyrir aldurshópinn 6-18 ára

Styrkur kr. 35.000 fyrir allt skólaárið, fyrir aldurshópinn 3-5 ára

4. gr. Skilyrði fyrir greiðslu styrkja.

Að styrkþegi eigi lögheimili í Kjósarhreppi

Að styrkþegi sé á aldrinum 3-18 ára, miðað við fæðingaár

5. gr. Tímabil frístundastyrksins. ¹

Tímabil frístundastyrksins er frá 01.janúar til 31. desember ár hvert. Sé styrkurinn ekki nýttur innan þess tímabil fellur hann niður.